

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA 28. mars 2017

Fundurinn hófst kl. 12.40 í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Jakob Sigurðsson, Jón Björn Hákonarson og Gunnar Jónsson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 6. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis. Fundargerð frá 8. og 9. fundum stjórnar SvAust – Almennings-samganga ehf. og frá 4. fundum svæðisskipulagsnefndar lagðar fram til kynningar.
2. Fundargerðir frá stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, Eyþingi og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum til afgreiðslu.
 - a) Tilnefning í skólanefnd FAS.
 - b) Erindi frá bæjarráði Seyðisfjarðarkaupstaðar. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála falið að svara erindinu.
 - c) Bréf frá Orkustofnun.
 - d) Bréf frá Brú lífeyrissjóði.

2. Samgönguáætlun 2015-2018 – staða. Farið yfir gögn sem Vegagerðin hefur unnið fyrir stjórn og samgöngunefnd SSA og nýjustu samræður við ráðherra. **Stjórn SSA telur það skref í rétta átt að viðbótarfjármagn hafi fengist til samgöngumála, þó það dugi engan veginn til að framkvæma þau verkefni sem eru á samgönguáætlun ársins. Það er ákaflega brýnt að sem fyrst liggi fyrir hvernig framkvæmd verkefna á árinu 2018 verður háttað. Í ljósi niðurskurðar undangenginna ára, gerir stjórn SSA þá kröfu að samgönguáætlun sem samþykkt var af Alþingi haustið 2016 verði fylgt.**

3. Samningur um sóknaráætlun.

1. Lokaskýrslur og kynning frá Austurbrú vegna þjónustusamninga. Gestir: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri Austurbrú og María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri Austurbrú. Farið yfir efni skýrslanna.
2. Bréf frá Skaftelli. Stjórn SSA samþykkir beiðni Skaftells að þessu sinni. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að afgreiða málið.

4. Almennings-samgöngur.



1. Sternumálið – fundur með ráðuneyti. SB greindi frá viðræðum við ráðuneytið.
2. Tillaga stjórnar SvAust ehf. um aðkomu sveitarfélaga að félaginu. Lagt fram til kynningar.

5. Innri málefni.

1. Drög að ársreikningi SSA fyrir árið 2016. Gestur: Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar. JÁP fór yfir drögin. Henni var falið að ganga frá endanlegum ársreikningi.
2. Áritun reikninga Minningarsjóðs Ragnildar Metusalemsdóttur og Stefáns Péturssonar. Stjórn SSA samþykkir reikningana og felur verkefnisstjóra að fylgja málinu eftir.
3. Staða húsnæðismála á Austurlandi – sameiginleg gerð húsnæðisáætlunar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að óska eftir umsögn sveitarfélaganna um áhuga á slíkri sameiginlegri vinnu.
4. Ályktun frá aðalfundi um sjókvíaelði – tillaga um málfund. Verkefnisstjóra SSA falið að kanna möguleikann á að halda málfund, mögulega í samvinnu við Fjórðungssamband Vestfirðinga, um sjókvíaelði út frá sjónarmiðum skipulagsvalds og hagsmuna sveitarfélaga varðandi strand- og hafsvæði.

6. Önnur mál.

1. Sjúkraþyrlur á Austurlandi. Frestað til næsta fundar.
2. Áskorun til stjórnar SSA. Lagt fram til kynningar.
3. Óskir um umsagnir. Verkefnisstjóra falið að ganga frá umsögn um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun.
4. Samþykkt að bjóða fulltrúum hreppsnefnda og sveitarstjórna Borgarfjarðarhrepps, Djúpvogshrepps, Fljótsdalshrepps og Vopnafjarðarhrepps til samræðna við stjórn SSA. Framkvæmdaráðinu falið að útfæra form fundanna.
5. Verkefnið SSA hjá Austurbrú (bréf). Tekið fyrir bréf til stjórnar SSA og framkvæmdastjóra Austurbrúar frá Björgu Björnsdóttur, verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú, dags. 24.03.2017. Samþykkt í ljósi tímaskorts á fundinum að vísa erindinu til næsta fundar og stjórn gefinn um leið rýmri tími til að fara yfir efni bréfsins.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 25. apríl kl. 12.30 á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 15.15.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson



Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Andrés Skúlason

Hákon Hansson

Jakob Sigurðsson

50

The logo consists of the letters 'SSA' in a stylized, bold, blue font, followed by the number '50' in a similar bold, blue font. The '50' is enclosed within a blue circle.

1966-2016